

Orkustofnun
Rakel Jensdóttir / Sigurður H. Magnússon
Orkugarður
Grensásvegur 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 30. desember 2015

Varðar: Samráð vegna kerfisáætlunar Landsnets

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 15. desember sl. þar sem óskað er eftir því að viðskiptavinir Landsnets komi umsögnum og sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi kerfisáætlun Landsnets 2015-2024.

RARIK telur að mikilvægt að Landsnet hafi sett fram kerfisáætlun og að þannig sé fram komin með opinberum hætti áætlun um hvernig staðið skuli að endurnýjun og frekari uppbyggingu flutningskerfisins, þannig að það geti þjónað hlutverki sínu. Einkum fagnar RARIK áformum um endurnýjun byggðalínakerfisins sem nú er allt vel yfir 30 ára gamalt og elsti hluti þess yfir 40 ára. Flutningsgeta þess er auk þess fullnýtt og ræður byggðalínan ekki lengur við að þjóna því verkefni sem hún var hugsuð til, sem er að tryggja afhendingaröryggi á raforku um landsbyggðina og til að tryggja afhendingargetu sem nú þegar stendur atvinnuuppbyggingu atvinnulífsins fyrir þrífum.

RARIK saknar þó nokkurra mikilvægra verkefna varðandi uppbyggingu flutningskerfisins og gerir athugasemdir við að þau séu ekki í kerfisáætlun Landsnets 2015-2024.

- Ekki er gert ráð fyrir nýju úttaki á Suðurlínu í Öræfum, þótt þegar hafi verið óskað eftir þeirri tengingu og veruleg þörf sé á henni vegna mikillar uppbyggingar og aukningar á raforku, einkum vegna ferðaþjónustu.
- Fagnað er nýrri tengingu milli Grundarfjarðar og Ólafsvíkur sem skapar hringtengingu á utanverðu Snæfellsnesi. Hins vegar er bent á að Snæfellsnes er ekki með N-1 tengingu og eina tengingin er um 66 kV línu frá árinu 1974. Þörf á viðbótartengingu út á Snæfellsnes og /eða varastöð eins og t.d. hefur verið sett upp í Bolungavík.
- Ný tenging til Húsavíkur í stað 33 kV loftlínu frá árinu 1948 er óútfærð í kerfisáætluninni og ekki búið að gera upp á milli möguleika. Húsavík er öflugt þéttbýli í vexti og full þörf á öruggri N-1 tengingu.
- Samhliða nýrri tengingu til Sauðárkróks er þörf á endurnýjun aðveitustöðvarinnar á Sauðárkróki. Núverandi tenging til Sauðárkróks er frá Varmahlíð og í kerfisáætluninni er óljóst hvernig framtíðartengingu Varmahlíðar við byggðalínuna verður háttað, en núverandi 132 kV lína á milli Akureyrar og Varmahlíðar er þegar að komast á aldur, byggð 1974 og getur ekki talist framtíðartenging.
- Neskaupstaður er ekki með N-1 kerfi heldur tengist um eina tengingu frá Eskifirði og full þörf á tvöfaldri tengingu þangað, auk þess sem núverandi tenging er nánast full


RA-58099

lestuð. Með tilkomu Norðfjarðargangna hefur opnast leið fyrir viðbótartengingu, en ekki er að sjá að gert sé ráð fyrir því í kerfisáætlun Landsnets.

- Ekki kemur fram fyrir hvaða spennu nýtt tengivirki á Hvolsvelli er hannað. 66 kV kerfið á austanverðu Suðurlandi er þegar fulllestað og orðið tímabært að farið verði að huga að spennuhækkun í 132 kV til að geta tekist á við eðlilega aukningu á raforku þar í náinni framtíð. Gera verður þá kröfu að hönnun tengivirkisins taki a.m.k. mið af því að auðvelt verði að spennuhækka það.

Að öðru leyti fagnar RARIK fram kominni kerfisáætlun Landsnets 2015-2024.

Virðingarfyllt,



Tryggvi Þ. Haraldsson
forstóri RARIK

RA-58099